

Nýyrði vantar

Til þess að erlend hugtök aðlagist íslensku er nauðsynlegt að búa þeim íslenskan búning þannig að þau falli vel að öðrum orðum málsins, almennri stafsetningu og framburði. Mikilvægt er að þýðingar á erlendum heitum séu liprar og helst eins stuttar og mögulegt er. Hér eru nokkur dæmi um orð sem búin hafa verið til á síðustu árum: *einhverfur, fellihýsi, fjölpóstur, flatskjár, harðkornadekk, hringitónn, netverslun, skjávarpi, spólvörn, sprettigluggi, sprotafyrirtæki, vistvænn.*

Einn helsti kosturinn við íslensku er hversu frjótt orðmyndunarmál hún er. Auðvelt er að smíða ný orð úr orðum og orðrótum sem fyrir eru í málinu, sbr. til dæmis *þota* af sögninni *þjóta*. Þó hefur reynst erfitt að finna góðar þýðingar á nokkrum enskum tökuorðum sem algeng eru í talmáli. Við leitum því eftir hjálp ykkar við að búa til íslensk orð yfir 10 ensk heiti sem brýnt er að finna góð íslensk orð yfir. Nú reynir á frumleika ykkar og sköpunargleði:



casual Hann var í mjög casual fatnaði _____

crossover Músíkin hans er crossover milli popps og rokks

date Ég deitaði hana lengi _____

fusion Á hótelinu er fusion-eldhús þar sem blandað er saman
asískum og evrópskum mat _____

nick Ég sendi þér nickið mitt á MSN _____

outlet Ég fór í outlet-búð í Bandaríkjunum _____

skate Við skeituðum á Ingólfstorgi í gær _____

surf Ég sörfaði á Netinu í gær _____

trendsetter Hún er mikill trendsetter í tískunni _____

wannabe Hann er wannabe rokkstjarna _____

